

Landsyfirréttardómar 1904.

Mánudaginn hinn 11. janúarmánaðar.

Nr. 39/1903:

Réttvísinn

gegn

Jóni Helgasyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað gegn kaupmanni Jóni Helgasyni í Reykjavík fyrir skjalfals og gekk dómur í því í aukarétti Reykjavíkurkaupstaðar 11. ágústmán. f. á., með þeim úrslitum, að ákærði var sýknaður af ákæru sóknarans í málinu, en dæmdur til þess að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsfærslulaun til talsmanns síns í héraði, Einars yfirréttarmálaflutningsmanns Benedikts-sonar. En dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Í febrúarmánuði f. á. höfðaði ákærði mál á hendur Bjarnhéðni Þorsteinssyni frá Vesturheimi, sem þá hafði dvalið hér í Reykjavík frá því í júlímánuði 1902,

en var ferðbúinn þangað aftur. Var árangurslaus sáttafundur haldinn í málinu sama daginn, sem Bjarnhéðinn lagði af stað vestur, 10. febr., og réttarstefna birt honum sama daginn. Þegar fyrir réttinn kom, þar sem Bjarnhéðinn hafði fengið öðrum manni umboð að mæta fyrir sig, krafðist ákærði þess, að Bjarnhéðinn yrði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir samningsrof 14000 kr. eða til vara 20% af 6000 kr. í 5 ár, og byggði hann kröfu sína á því, að þeir Bjarnhéðinn hefðu gjört samning með sér, að vísu munnlegan, en þó fastmælum bundinn og handsali, um að kaupa í félagi fiskiskip og standa hálf tveimur, og skyldi það varða hvorn þeirra, er brygðri samningnum, 20% í 5 ár af skipsverðinu sem skaðabætur til hins; en þennan samning taldi ákærði að Bjarnhéðinn hefði rofið. Til sönnunar málstað sínum lagði ákærði fram í réttinum skjal, dags. 24. jan. í. á., undirskrifað af Bjarnhéðni og 2 vitundarvottum, en skjal þetta er þannig hljóðandi: »Að gefnu tilefni skal eg undirritaður taka það fram (Bjarnhéðinn Þorsteinsson frá Ameríku, nú til heimilis á Laugavegi 74), að það sem við sömdum um kaup á fiskiskipi í síðastliðnum nóvembermán., við kaupmaður Jón Helgason hér í Reykjavík, var að eins munnlegt og engir skriflegir samningar gjörðir. Og þar sem eg sneri mér þannig að hætta við það, var ekki af því að eg vantreysti Jóni Helgasoni sem meðeiganda með mér, að hafa allar framkvæmdir því viðkomandi, þótt til þess hefði komið. Heldur var það af alt öðrum ástæðum, að eg aftalaði það strax daginn eftir, þó gegn því að greiða Jóni

Helgasyni af mínum hálfparti c. 6000 kr., 20⁰/₀ í 5 ár, ef hann kræfist þess.

Reykjavík 24. jan. 1903.

Bjarnhéðinn Þorsteinsson.

Vottar:

Jón Hannesson

(Þingholtsstræti 23).

Guðbrandur Jónsson

Bræðraborgarstíg nr. 23.«

Ákærði hefir sjálfur skrifað skjal þetta alt nema nöfnin undir því, og lokasetningunni: »þó gegn því að greiða kræfist þess«, sem bætt er inn í skjalid með þéttari skrift, hefir hann kannast við að hafa skotið inn eftir að dagsetningin undir skjalinu var rituð, en honum er í máli þessu gefið að sök, að hann hafi bætt greindri setningu inn í skjalið einnig eftir undirskrift Bjarnhéðins undir það án vitundar hans og vilja.

Ákærði skýrir svo frá í fyrsta réttarhaldi málsins, 8. apríl f. á., að í nóvemberm. 1902 hefðu þeir Bjarnhéðinn gjört munnlega samning um, að þeir skyldu kaupa í félagi fiskiskip og standa hálf t hvor, og átti skipið að kosta 12—15000 kr. og skyldi það varða hvorn þeirra, er brygði þessum samningi, 20⁰/₀ af kaupverðinu í 5 ár til hins. Eftir nýárið kveðst svo ákærði hafa fundið á Bjarnhéðni, að áhugi hans á skipakaupunum væri farinn að dofna, og fyrir því hafi hann ritað upp aðalatriðin í samningi þeirra, í því skyni að tryggja rétt sinn með því að fá Bjarnhéðinn til að skrifa undir þau. Hann lét þess þó ógetið í skjalinu,

hve miklar procenturnar áttu að vera fyrir sanningsrof, þangað til Bjarnhéðinn kæmi til og skrifaði undir, því að hann kveðst hafa álitid að skaðabæturnar eftir hinu munnlega umtali þeirra ættu að reiknast af öllu kaupverði skipsins, en því hafi Bjarnhéðinn ekki viljað ganga að, og hafi bæturnar svo eftir samkomulagi verið ákveðnar eins og í skjalinu, af hálfu skipsverðinu að eins. Hafi ákærði bætt því ákvæði inn í skjalið, að Bjarnhéðni viðstöddum áður en hann skrifaði undir, en hann (ákærði) hafi áður verið búinn að skrifa dagsetninguna á skjalið, og plássið fyrir viðbótina þá verið eftirskilið of lítið, svo hann hafi orðið að skrifa viðbótarákvæðið með þéttari skrift en fyrri hluta skjalsins. Þá tók ákærði það einnig fram við fyrstu yfirheyrslu, að ástæðan til að hann hefði orðið að heimta af Bjarnhéðni þessar skaðabætur hafi verið sú, að hann (ákærði) hefði fyrir sanningsrofin af hans hálfu orðið af félagskap til skipakaupa við annan mann, er hann hafi átt kost á til þeirra hluta.

Þessari skýrslu sinni breytti ákærði síðar á ýmsan hátt, sumpart fyrir það, að rannsóknardómarinn benti honum á, að skýrslan gæti ekki samrýmst því er í skjalinu stæði. Þannig bar hann það síðar fram, að Bjarnhéðinn hefði þegar daginn eftir hinn munnlega samning um skipakaupin í nóvembermán. iðrast eftir samninginn, og viljað hætta við hann, og þá um leið hafi hann munnlega skuldbundið sig til að greiða hinar umræddu skaðabætur. Þrátt fyrir þetta hélt þó ákærði því fram enn sem fyr öðru hvoru, að Bjarnhéðinn hefði eigi verið afhuga félagsskapnum við ákærða um skipakaup fram yfir útgáfu skjalsins 24. jan.

f. á. Þá hefir ákærði og haldið því síðar fram, að hann hafi ekki einn ráðið orðalagi á fyrra hluta skjalsins, heldur hafi hann borið sig saman við Bjarnhéðin um það, og Bjarnhéðinn ráðið því sérstaklega, að orðið »aftalaði« var sett þar í merkingunni »afsagði«. En í það skifti hafi þeir þó ekki komið sér saman um, hvernig skaðabótaákvæðið ætti að orðast; það hafi þeir fyrst gjört, er Bjarnhéðinn undirskrifaði skjalið. Ákærði hefir einnig síðar fallið frá því, að hann hafi átt kost á félagsskap við annan mann til skipakaupa, en viljað þá byggja skaðabótarétt sinn á því, að hann hefði getað farið á mis við félagsskap við einhvern annan mann fyrir sammingsrof Bjarnhéðins, eða hefði átt bæturnar fyrir gabb af Bjarnhéðins hálfu.

Í einkamáli því gegn Bjarnhéðni, er fyr er getið og ákærði höfðaði út af skaðabótunum, lagði ákærði fram fyrir bæjarþingsréttinn vottorð frá mönnum þeim, er standa sem vitundarvottar undir skjalinu 24. jan. f. á., þess efnis, að þeir hafi verið viðstaddir, er Bjarnhéðinn skrifaði undir skjalið, og að umrædd viðbót hafi þá staðið í skjalinu. En þessir menn hafa síðan borið það fyrir rétti og unnið eið að því, að þessi vottorð þeirra hafi þeir undirskrifað eftir beiðni ákærða, sem hafi stílað þau og ritað, og hafi þeir ekki kynt sér það, er þeir rituðu undir, en undirritað í trausti til fullyrðingar ákærða um, að þeim væri það óhætt með öllu, og hefir annar votturinn borið, að ákærði hafi jafnvel bannað sér að lesa vottorðið, en hinn að ákærði hafi rétt sér höndina upp á það, að honum væri óhætt að undirskrifa vottorðið. Menn þessir báru það nú í réttinum, að það væri algjörlega rangt, sem í

vottorðunum stæði; þeir hafi ekki verið viðstaddir þegar Bjarnhéðinn ritaði undir skjalið 24. jan. f. á., eða séð hann rita undir það, heldur hafi þeir hvor í sínu lagi seinna ritað nöfn sín á skjalið sem vitundarvottar og án þess að lesa skjalið, eða kynna sér það, svo að þeir geti eigi borið um, hvort viðbótin hafi verið þar eða eigi, er Bjarnhéðinn skrifaði undir. Annar votturinn hefir einnig borið það, að ákærði hafi gjört ítrekaðar tilraunir til að fá hann til að flytja burt úr bænum, eftir að búíð var að stefna honum (vottinum) til að bera vitni í málinu við Bjarnhéðin, og hinn votturinn hefir borið það, að ákærði hafi reynt að ýta undir hann með að standa fast við ranga vottorðið, er hann hafði gefið ákærða, eftir að hinn votturinn var búinn að bera ofan í sitt vottorð, er ákærði hafði fengið hjá honum. Ákærði hefir þrátt fyrir þessar eiðfestu skýrslur vitundarvottanna haldið því fast fram við rannsókn málsins, að þeir hafi báðir verið viðstaddir undirskrift skjalsins 24. jan. af hendi Bjarnhéðins, en hið gagnstæða er fyllilega sannað með téðum samhljóða vitnisburðum þeirra.

Fyrnefndur Bjarnhéðinn Þorsteinsson hefir gefið skýrslu um atvik málsins, sem fer mjög í bága við frásögn ákærða, og er hún á þessa leið: Í nóvemberm. 1902 kom hann að máli við ákærða til að leita hjá honum upplýsinga um þilskipakaup og þilskipaútgjörð, og ef svo vildi verkast, að ganga í félag við hann um kaup á þilskipi. Enginn var viðstaddur viðtal þeirra, en þegar þeir skildu var Bjarnhéðinn enn óráðinn í því, hvort hann ætti að ráðast í slíkan félagskap við ákærða, og þegar hann hugsaði málið betur,

komst hann að þeirri niðurstöðu, að hætta alveg við það; fór hann þegar næsta dag til ákærða og sagði honum að hann væri alveg hættur við skipakaupin, til þess að ákærði gerði sér ekki von um neinn félagskap við hann, og biði ekki neinn óhag af samtali þeirra. Tók ákærði því vel og lét eigi bera á, að honum mislíkaði það, og taldi Bjarnhéðinn málið þanníð útkljáð frá sinni hálfu, og var ákærði í engum vafa um það, og mintist ekki einu orði á neinar skaðabætur. Eftir það kom ákærði nokkrum sinnum heim til Bjarnhéðins, og var erindið þá sumpart að reyna enn að fá Bjarnhéðinn í skipakaup með sér, en því tók Bjarnhéðinn ávalt fjarri, sumpart að biðja hann um peningalán til skipakaupa eða til að auka verzlun sína. En Bjarnhéðinn synjaði honum einnig um lánið. Seint í janúarmán. fekk Bjarnhéðinn orð frá ákærða að finna hann, og skýrði hann þá Bjarnhéðni frá, að sá orðrómur gengi um bæinn, og væri Bjarnhéðinn borinn fyrir honum, að hann hefði hætt við skipakaupin af því að hann álití, að ákærði væri slæmur maður, og bæri ekki traust til hans, og sagði ákærði að sér kæmi þetta bagalega, ef það bæríst til eyrna manns, sem hann ætlaði að fá í félag með sér um kaup á þilskipi. Bjarnhéðinn sagði að enginn fótur væri fyrir þessum orðrómi, hann hefði ekkert slíkt sagt, og ákærði gæti látið þenna mann, sem hann hygði á félagsskap við, koma þangað, eða hann (Bjarnhéðinn) gæti farið til hans og sagt honum að engin hæfa væri fyrir þessum orðrómi. Ákærði vildi þó eigi segja hver maðurinn væri, en lagði fram skjal, sem hann bað Bjarnhéðinn að skrifa undir og sagði vera vottorð í líka átt og

Bjarnhéðinn hefði talað, og kvað hann sér mjög árið-
andi að fá slíkt vottorð frá Bjarnhéðni. Bjarnhéðinn
las þetta skjal, en neitaði að skrifa undir það, af því
að í því voru ýms ummæli, sem hann alls ekki viður-
kendi rétt, svo sem að þeir ákærði hefðu handsalað
hvor öðrum samning um kaup á skipi, og að Bjarn-
héðinn ætti að greiða háar skaðabætur. Lýsti Bjarn-
héðinn undrun sinni við ákærða yfir því, að hann
skyldi ímynda sér, að hann myndi skrifa undir aðra
eins fjarstæðu eins og það, sem í skjalinu stóð, og ytti
skjalinu frá sér. Ákærði varð gramur og óánægður út
af þessu, en tók þá annað blað og skrifaði á það að
Bjarnhéðni ásjáandi hér um bil það sama, sem Bjarn-
héðinn hafði sagst geta vottað. Las svo Bjarnhéðinn
skjalið og skrifaði undir það, af því að hann sá, að í
því var ekkert, sem hann ekki gat staðið við. Sagði
Bjarnhéðinn, að hann gæfi ákærða vottorðið til þess, að
hann gæti sýnt það þessum manni, sem hann væri að
hyggja á félagsskap við, en ekki í öðru skyni. Engir
vitundarvottar voru við undirskrift Bjarnhéðins undir
vottorðið, en Bjarnhéðinn fullyrðir, að það sé sama
skjalið, sem að framan er ritað og mál þetta er haf-
ið út af, að öðru leyti en því, að setningunni, »þó
gegn því að greiða . . . kræfist þess« hafi verið bætt
inn í skjalið eftir að hann skrifaði undir það.

Þessa skýrslu sína hefir Bjarnhéðinn Þorsteinsson
staðfest með eidi, og að vísu verður hún eigi, vegna
afstöðu Bjarnhéðins til málsins, tekin sem löggildur
vitnisburður út af fyrir sig gegn ákærða, sem lýsir
skýrsluna ósanna í öllum atriðum, er komi í bága við
framburð hans. En hins vegar ber á það að líta, að

skjalið 24. jan. f. á. er í fullkomnu samræmi við þessa skýrslu og styður gildi hennar, þar sem bæði form og innihald skjals þessa bendir augljóslega til þess, að það er útgefið og samið — alt nema niðurlagsákvæðið — ekki sem skuldbindingarskjal eða samningur, heldur að eins sem yfirlýsing eða vottorð í þágu ákærða, um það, að Bjarnhéðinn hafi ekki hætt við skipakaupafélagsskapinn við ákærða vegna vantrausts til hans. Og niðurlagsákvæðið, sem Bjarnhéðinn heldur fram að bætt hafi verið inn í skjalið eftir að hann undirskrifaði það, kemur einnig svo óeðlilega við alt innihald skjalsins á undan því, að það er auðsjáanlegt, að þar er tekinn upp ný hugsun, sem ekki hefir ráðið stílsetning skjalsins þangað að, nefnl. að gjöra það að skuldbindingarskjali eða skuldajátningu.

Þegar nú eru athuguð tilsvör ákærða um það, hvornig skjalið og viðbótin sé til orðið, þá fer svo fjarri því, að hann hafi getað gefið fullnægjandi skýringu á því, að skýrsla hans þvert á móti verður til að styrkja að miklum mun þá grunsemd, sem skjalið sjálft og önnur atvik málsins hljóta að vekja gegn honum.

Ákærði hefir, eins og áður hefir verið tekið fram, gjört þá grein fyrir tildrögnum til skjalsins 24. jan. f. á., og því hvers vegna hann hafi bætt niðurlagsákvæðinu síðar inn í það, að af því að honum hafi fundist áhugi Bjarnhéðins á skipakaupunum hafa verið farinn að dofna eftir nýárið, þá hafi hann skrifað upp aðalatriðin í hinum munnlega samningi þeirra, til að fá Bjarnhéðinn til að skrifa undir þau, og tryggja með því rétt sinn, en um skaðabótaákvæðið hafi þeir ekki verið sammála, og því hafi hann látið bíða að skrifa

Það inn í samninginn þangað til Bjarnhéðinn kæmi til. Þessi skýrsla ákærða kemur í beinan bága við skjalið sjálft, því að bæði er þar (í skjalinu) afdráttarlaust tekið fram, að Bjarnhéðinn hafi hætt aftur við skipakaupin, svo að um engin samningsákvæði gat verið að ræða, nema þá um niðurlagsákvæðið um skaðabæturnar, og auk þess sýnir skjalið, að það er alls ekki nein skrásetning á aðalatriðum eða yfir höfuð neinum atriðum úr samningi. Innihald þess er að eins lýsing á því, hvers vegna Bjarnhéðinn hafi hætt við umtalið um félagsskapinn, sem »að eins var munnlegt og engir skriflegir samningar gjörðir«. Það gerir líka þessa skýrslu ákærða enn tortryggilegri, að ekkert bil var eftirskilið af ákærða fyrir niðurlagsákvæðið, sem hann þó hlaut að álíta aðalatriðið í skjalinu, og sem hann kveðst hafa beðið með að setja inn þangað til Bjarnhéðinn væri við, en var búinn, eins og hann hefir borið fram, að skrifa dagsetninguna undir skjalið algjörlega ófullsamið, eins og hann hlaut að finna að það var, og hefir ákærði ekki getað gefið neina þá skýringu á þessari aðferð sinni, sem mark sé á takandi.

Yfir höfuð er allur framburður ákærða um tilorðning skjalsins 24. jan. f. á svo fjarri öllum sanni, að hann hlýtur að eins að styrkja mikillega þá skoðun á málinu, sem skjalið sjálft og því samkvæm skýrsla Bjarnhéðins og önnur atvik málsins benda svo augljóslega til.

Ákærði hefir heldur ekki getað gjört það sennilegt eða sýnt nein líkindi fyrir því, sem í sjálfu sér er mjög ótrúlegt, að hann hafi getað fengið Bjarnhéðin, sem engin ástæða er til að efast um, að sé skynsam-

ur maður, til að undirgangast aðra eins skuldbindingu og niðurlagsákvæðið inniheldur, og það þó að Bjarnhédinn, eins og ákærði í öðru orðinu viðurkennir, hafi hætt við skipakaupin, eða iðrast eftir samninginn um þau strax daginn eftir. Ákærði hefir einnig um það atriði orðið margsaga og gripið jafnvel til ósanninda, eins og fyr er skýrt frá.

Það er áður minst á aðferð ákærða gagnvart vitundarvottunum, sem ritaðir eru undir skjalið, hvernig hann hefir viljað styðja málstað sinn með röngum vottorðum frá þeim, og að það hefir sannast, að framburður hans um, að þeir hefðu verið viðstaddir undirskrift skjalsins, er ósannur, og hlytur þetta að gera sögusögn hans enn torþyggilegri.

Þá er það og einkennilegt mjög og grunsamlegt, að ákærði hefir ekki getað bent á neinn mann, sem vissi um samning þeirra Bjarnhédins eða von þá í skaðabótum frá honum, er hann hafði allan þann tíma sem samningar þessir eiga að hafa staðið yfir. Og eins er aðferð ákærða við málshöfðunina gegn Bjarnhédni torþyggileg mjög, þar sem hann ekki lét skjalið, sem hann byggir málshöfðunina á, koma fram á sáttafundinum, þar sem Bjarnhédinn mætti, og mintist þar ekki á það, en leggur það fyrst fram í rétti eftir að Bjarnhédinn er fariinn af landi burt.

Þegar athugaðir eru allir málavextir í heild sinni, skjalið 24. jan f. á. sjálft, með viðbótinni, sem ákærði kannast við að hafa ritað inn í það, hinar algjörlega ófullnægjandi tilraunir ákærða til að skýra tilorðningu skjalsins, og ósannindi þau í mikilvægum atriðum máls-

ins, sem ákærði hefir gert sig sekan í, og auðið hefir verið að komast fyrir, þá virðist mega álíta framkomna nægilega fulltrygga sönnun fyrir því, að það hafi verið án vilja og vitundar Bjarnhéðins Þorsteinsonar, að ákærði bætti umræddu niðurlagsákvæði inn í nefnt skjal, og að hann þannig hafi falsað skjal þetta.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, hefir með þessu atferli sínu orðið brotlegur samkvæmt 276. gr. sbr. 270. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir hegning sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast. Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 krónur.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Helgason kaupmaður á að sæta betrunarhússvinnu í 12 mánuði. Um sakarkostnaðinn í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði og ákærði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum Odds Gíslasonar yfirréttarmálafluttingsmanns 15 krónur.

Dóminum að fullnægja með aðför að lög-
um.

Nr. 42/1903:

Réttvísín

gegn

Bjargmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Mál þetta, sem höfðað var í héraði gegn ákærða, sjómanni Bjargmundi Sigurðssyni, fyrir ólöglega meðferð á annara fjármunum, og fyrir sviksamlegt athæfi, var dæmt í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 16. maí f. á., á þá leið, að ákærði var samkvæmt 250. og 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdu til að sæta 5 daga fangelsi við vatns og brauðs viðurværi og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns í héraði cand. Gríms Jónssonar 8 krónur.

Þessum dómi hefir eftir ósk hins dómfelda verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að hann haustið 1902 kastaði eign sinni á 2 ullarteppi, 6 króna virði hvort, tilheyrandi strandferðaskipinu »Skálholt«, sem hann tjáir að af hendingu hafi komist í farangur hans. Hélt hann teppunum hjá sér frá því í aprílmán. 1902 yfir sumaridán þess að lýsa þeim eða skila, og lét síðan veðsetja annað þeirra til þess að fá peninga til að kaupa vínföng fyrir. Hitt teppið ætlaði hann einnig að láta